

1862.

27. febrúar.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tillag til Reykjavíkur bæjarsjóðs.

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir bæjarstjórnin í Reykjavík kvartað yfir því, að þér, herra stiptamtmaður, hafið fært niður úr 12 ríkisdöllum í 10 ríkisdali tillag það, er Einari prentara Þórðarsyni var gjört að greiða til bæjarsjóðsins fyrir árið 1861, án þess þér áður hafið fengið álit bæjarstjórnarinnar um málið, og án þess að öðru leyti hafi gætt verið þess, sem fyrir er skipað í 21. grein í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvemberm. 1846.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar um málefni þetta, dagsett 4. nóvemberm. f. á., skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutadeigendum, að það reyndar er vitaskuld, að þegar áfrýjað er úrskurðum bæjarstjórnarinnar um tillög manna til bæjarsjóðsins, ber að við hafa þá aðferð, sem fyrir er skipuð í lagaákvörðun þeirri, sem að ofan er greind, en að það, sem hér hefir verið út af þessu brugðið, eigi virðist í raun og veru hafa gjört neitt að verkum í máli því, sem hér er um rætt; einkum þaræð kærandiinn, eptir því sem þér hafið frá skýrt, byggði kæruskjal sitt til amtsins einmitt á sömu ástæðum og umkvörtunina þar á undan til bæjarstjórnarinnar, og stiptamtmaður þar að auki hafði fyrir sér bæði umkvörtunina til bæjarstjórnarinnar og svar hennar 15. júlím. f. á.

28. febrúar. 14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning á ýms-um ákvörðunum í tilskipun 15. marzm. 1861 um veginn á Íslandi.¹

Í bréfi 24. septemberm., er síðast leið, hafið þér, herra amtmaður, beðið um svar dómsmálastjórnarinnar upp á spurn-

1) Stiptamtmaninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu var sama dag sent eptirrit af bréfi þessu.

ingar þær, er nú skal greina, til að skýra fyrir yður tilskipun
15. marzm. f. á. um vegina á Íslandi:

1862.
28. febrúar.

1. frá hverjum tíma ákvarðanir laga þessara geti fengið gildi;
2. hvort undir eins og í einu þurfi að skipta vegunum í þjóð-
vegi og aukavegi, eða hvort gjöra megi þessa skipting smátt
og smátt, þannig að einungis þeir kaflar, er helzt þurfa
endurbótar við, af þeim alfaravegum, sem hingað til hefir
verið mest umferð um, komist smátt og smátt í flokk þjóð-
vega eptir því, sem þeir eru teknir til viðgjörðar, en viður-
hald allra annara vega skuli hvíla sem skylduvinna á þeim,
er eiga að vinna að vegabótum, þangað til vegir þessir eru
settir í flokk þjóðvega;
3. hvort verja skuli vegabótagjaldi því, sem heimt er í hverri
sýslu, til þjóðvega í þeirri sýslu, eður hvort það sé komið
undir álit hlutadeiganda amtmanns, til hverra þjóðvega í
amtinu því fè sé varið;
4. hvern tíma eigi að leggja til grundvallar, þegar samin sé
nafnaskrá sú yfir alla verkfæra menn í hreppnum, sem um
er rætt í 16. grein, og sem senda á sýslumanni fyrir sum-
armál;
5. hvort umsjónarmönnum þeim, sem um er getið í 5. grein og
skoðunarmönnum þeim, sem um er rætt í 8. grein, ekki
skuli veitt kaup af vegabótagjaldinu;
6. hvort ákvörðunin í 14. grein um, að á vörðum á fjallvegum
skuli gjörður stallur eður annað merki á þeirri hlið, sem
snýr til norðurs, eigi ekki að skiljast þannig, að stallurinn
eður merkið sé gjört á vörðunum þeim megin eður á þeirri
hlið, þar sem svo er kallað í úaglegu máli, að vegurinn
viti til norðurs;
7. hvort eigi beri þannig að skilja niðurlagsákvörðunina í 18.
grein, að þegar húsbóndi hefir borgað fyrir þá verkskylda
menn, sem eru í hans þjónustu, þá eigi hann aptur tilkall
til endurgjalds hjá þeim, og að þegar þeir vinna verkið sem
skylduvinnu, þá eigi hann rétt á að reikna sér borgun fyrir
það, og halda henni eptir af kaupum þeirra;
8. hvort eigi beri að skilja 21. grein þessu samkvæmt, þannig,

1862.

28. febrúar.

að sá húsbóndi, er hefir orðið að borga fyrir hjú, er hefir brugðizt undan að koma til verka, eigi, hvernig sem ástatt er, heimting á endurgjaldi af hjúinu; og hafi hjúid yfirgefð vinnu sína hjá húsbónda, en þó eigi komið til vegabótastarfa, þá eigi hann heimting á tvöföldu endurgjaldi, bæði fyrir vinnumissi á heimilinu og svo fyrir það, sem hann hefir orðið að greiða fyrir hjúid til vegasjóðsins.

9. hvort það, að sýslumönnum í 28. grein er lagt á herðar að hafa eptirlit með aukavegunum, ekki gjöri að verkum, að þeir verði að hafa rétt til að heimta af hreppstjórunum bæði uppástungur um þau verk, er næsta sumar á að vinna á aukavegum, og niðurjöfnun þá, er þeir hafa gjört í því skyni, og einnig reikning ekki aðeins yfir bætur þær, sem greiddar hafa verið til vegasjóðsins, heldur og yfir það fè, sem greitt yrði í staðinn fyrir skylduvinnu, og að síðustu:
10. hvort þeir, er hlut eiga að máli, ekki eigi rétt á að bera sig upp fyrir sýslumanni út af niðurjöfnun hreppstjóra.

Þessu skal svarað, yður til leiðbeiningar, á þann hátt, er nú skal greina:

Um 1. tölul. Með því lögin eigi öðlast gildi fyr en þau eru þinglesin, þá er auðsætt, að niðurjöfnun sú, sem fyrir er skipuð í 16. grein, eigi getur átt sér stað fyrri en þar á eptir, og af því leiðir aptur, að ákvörðunum laganna um endurbætur þjóðvega og viðurhald þeirra m. m. ekki verður beitt fyrri en sumarið 1863, með því gjört er ráð fyrir, að lögin hvervetna verði þinglesin á manntalsþingum þetta árið. Þareð sjá má af athugasemdum yðar við þessa spurning, að þér hafið verið í vafa um, hvenær niðurjöfnun þessi eigi fram að fara, þá skal þess getið, að alþingi, sem stakk upp á þessari ákvörðun lagaboðsins, vissulega hefir gjört ráð fyrir, að það fè, sem hver hreppur í landinu á að leggja til endurbóta og viðurhalds á þjóðvegum eptir 16. grein, megi til bráðabyrgða greiða úr sveitar-sjóðunum, og að því síðar verði jafnað niður á hrepps-búa eptir sömu reglum og aukaútsvarið til fátækra, en það er á haustin; því annars væri engin ástæða til að láta

greiða fæð úr sveitarsjóði. En ef það skyldi við bera, að 1862.
 sjóður þessi ekki gæti látið fæð af hendi til bráðabyrgða, 28. febrúar.
 virðist vera nauðsynlegt að láta jafna því niður að vorinu,
 áður en manntalsþing eru haldin.

Um 2. tölul. Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 3. grein, á
 amtmaður eptir reglum þeim, er þar eru settar, undir eins
 og tilskipunin er búin að öðlast lagagildi að gjöra almenna
 ákvörðun um, hverir vegir í öllu amtinu framvegis skuli
 taldir þjóðvegir, og hverir aukavegir, og skal gjöra það heyrum
 kunnugt til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.
 Til þessa ber og brýna nauðsyn, því frá því er tilskipunin
 öðlast lagagildi á að greiða kostnað til þjóðvega með öllu
 öðru móti en kostnað við aukavegi, smbr. 16. og 18. grein,
 og það kæmi því í bága við boð tilskipunarinnar að láta
 framvegis nokkuð vinna að þjóðvegum með skylduvinnu.
 Það er vitaskuld, að ekki verður gjört við alla þjóðvegi í
 einu, en eptir 4. grein er amtmanni falið á hendur að
 ákveða, ekki að eins hvaða verk vinna skuli við þjóðvegina,
 heldur og hvort vinna skuli slík verk í þeirri eður þeirri
 sýslu eitthvert ár, og má ætla að hann eptir skýrslum sýslu-
 manna og uppástungum geti skorid úr, hver verk seu mest
 áriðandi, hvort heldur það eru aðalviðgjörðir við vegi eður
 minni vegabætur.

Um 3. tölul. Eptir 4. grein tilskipunarinnar á amtmaður að
 ákveða, hver verk vinna skuli við þjóðvegina í amtinu, og
 hvernig þeim skuli hagað, og tilskipunin gefur enga ástæðu
 til að halda, að vegabótagjaldi því, sem heimt er í hverri
 sýslu, skuli aðeins varið til þeirra kafla af þjóðvegunum, er
 liggja um þá sýslu. Af þessu mundi og leiða, að þær
 sýslur, sem litlir þjóðvegir væru í, er við halda þyrfti,
 mundu safna fyrir meiru fæ en þörf væri á til aðgjörða og
 viðurhalds þjóðvega í sýslunni, en í þeim sýslum, þar sem
 mikið væri af þess konar vegum, mundi vegabótagjaldið ekki
 nærri því hrökkva til, og yrði þannig farið á mis við til-
 gang lagabóðsins.

Um 4. tölul. Með því ákveðið er í 16. grein, að hreppstjór-

1862.

28. febrúar.

arnir á ári hverju fyrir sumarmál skuli senda sýslumönnum nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum frá 20 ára að 60, án þess nákvæmar sé til tekið, hver tími skuli tekinn til greina í þessari nafnaskrá, þá er auðsætt, að í nafnaskránni á að til færa alla verkfæra menn á þeim aldri, er nú var getið, þá sem eru í hreppnum á þeim tíma, þegar nafnaskráin er til búin, og verður þess vegna með sérstaklegu tilliti til þessa að taka fólkstölu í hverjum hreppi.

Um 5. tölul. Eins og umsjónarmenn þeir, sem getið er í niðurlagi 5. greinar, eiga að fá borgun af vegabóttagjaldinu eptir samningi þeim, er sýslumaður hefir við þá gjört, þannig má og veita virðingarmönnum þeim, sem um er rætt í 8. grein, borgun af vegabóttagjaldinu fyrir starfa þeirra eptir ákvörðununum í aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830 67. grein.

Um 6. tölul. Ekki virðist vera ástæða til að víkja frá því, sem með berum orðum er ákveðið í 14. grein, að stallar þeir eður merki, sem þar er um rætt, sé gjört á þeirri hlið á vörðunum, er veit í rétta norðurátt, og það því síður, sem merki þessi einkum eru ætluð þeim til leiðbeiningar, sem eru ókunnugir héraðinu og málvenju þess.

Um 7. og 8. tölul. 18. og 21. grein gefa ekkert tilefni til efa, og gefa enganvegin ástæðu til þeirrar þýðingar, er þér hafði í þær lagt. Auk þess að reglan eptir yðar þýðing yrði mjög ósanngjörn og undarleg, og kæmi í bága við það, er tíðkæzt hefir að undanfögnu, eru einnig orð tilskipunarinnar á móti henni. Í 18. grein er aðalreglan sett öldungis í samhljóðan við þær reglur, sem gilt hafa að undanfögnu (sjá orðatiltækið: „það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp“ og s. frv.) þegar svo er, sem almennt er, að verkið er unnið með skylduvinnu, en þar af leiðir þá, að þegar hjúið er haft til vegabótanna, þá er það húsbóndinn sem álagan á að lenda á, og þar sem ákveðið er í síðustu málsgrein í grein þessari, að þegar einhver hefir tekizt á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eptir ákvörðun hreppsþænda, þá skuli sérhver húsbóndi greiða borgun

fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu, án þess 1862.
 28. febrúar.

neinu sé bætt við um, að hann eigi aptur að fá það endurgoldið af hjúinu, þá er þetta öldungis samkvæmt aðalreglunni, sem áður er getið. Samkvæmt þessu er og ákveðið í 21. grein, að húsbóndinn skuli greiða þá borgun, sem um er rætt í greininni, og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkskyldan mann af börnum hans eður vinnufólki, er undan bregzt, og um endurgjaldið er svo fyrir mælt, að hann eigi heimting á því, ef verkmanni verður gefin sök á burtuverunni, og þess vegna ekki þegar öðruvísi er ástätt.

Um 9. og 10. tölulið. Þó sýslumanni í 28. grein sé gjört að skyldu að hafa eptirlit með hinum almennu aukavegum, þá er ekki þar fyrir nauðsynlegt, að honum séu sendar uppástungur þær eður reikningur, sem þær, herra amtmaður, hafið haldið hann ætti að fá, og tilskipunin hefir að öðru leyti enga þá ákvörðun, er leiða megir út af slíka skyldu fyrir hreppstjóra; smbr. einnig ástæður alþingis fyrir 17. grein og fyrir 21. grein, er samsvarar 20. grein í tilskipuninni. En á hinn bóginn er það vitaskuld, að hver og einn, sem hlut á að máli, á kost á að bera sig upp fyrir sýslumanni yfir ráðstöfunum hreppstjóra, þeim sem hér er um rætt, og þar á meðal einnig yfir niðurfjöfnun þeirri, er hann hefir gjört.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 28. febrúar. norður- og austurundæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Að tilhlutun stjórnarráðsins hafið þær, herra amtmaður, í bræfi 16. septemberm. f. á. sagt álit yðar um skjal, er sveitarstjórnin í Skinnastaða hreppi í Þingeyjar sýslu hefir hingað sent, en í því skjali er borin fram umkvörtun yfir úrskurði yðar 4. ágústm. 1860, er ákveður að Kristín Guðmundsdóttir og þau af börnum hennar, sem eru fædd áður en hún gekk að eiga Finn Gunnarsson, séu hrepplæg í Skinnastaða hreppi.